

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2019

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 (markviss innkaup, keðjuábyrgð o.fl.), 442. mál.**

BSRB vísar til erindis dags. 6. febrúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn bandalagsins vegna ofangreinds frumvarps en þar er m.a. lagt til að settar verði reglur um keðjuábyrgð í lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins er lagt til að með nýrri lagagrein, 88. gr. a, verði lögfest heimild til handa kaupanda til þess að fara fram á að verktaki tryggji og beri ábyrgð á að allir starfsmenn fái laun, starfskjör og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Jafnframt er lagt til að kaupanda verði gert heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna á kostnað aðalverktaka, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, standi aðalverktaki ekki í skilum með slíkar greiðslur.

Reglur um keðjuábyrgð hafa áður verið settar í lög um starfsmannaleigur nr. 139/2005 og lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda nr. 45/2007. Gildissvið laganna er þó þess eðlis að þau ná einungis til hluta þeirra framkvæmda sem fara fram hverju sinni. Lögfesting reglna um keðjuábyrgð með breytingum á lögum um opinber innkaup er því mikið hagsmunamál og hefur lengi verið skorað á stjórnvöld að stíga slíkt skref.

Sú heimild sem frumvarpið felur í sér er hins vegar ekki nóg að mati BSRB, heldur þurfa reglur um keðjuábyrgð að fela í sér skyldu til keðjuábyrgðar. Í þessu sambandi má benda á nýlegar tillögur samstarfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þar komu saman fulltrúar ráðuneyta, aðila vinnumarkaðarins og stjórnvaldsstofnana. Hópurinn lagði til fjölmargar tillögur að úrbótum og var einhuga um að lögfesta ætti skyldu til keðjuábyrgðar í lög um opinber innkaup.

Með vísan til framangreinds skorar BSRB á Alþingi að ganga lengra en lagt er til hér og gera keðjuábyrgð að skyldu í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016.

Fyrir hönd BSRB



Hrannar Már Gunnarsson  
lögfræðingur